

## Fundargerð stjórnar Bandalags íslenskra skáta – Fundur 8/2023

Staður: Kaffi Lækur      Dags: 2023-04-11      Tími: 18:30

Fundarstjóri: Harpa Ósk Valgeirsdóttir

Ritari: Huldar Hlynsson

Mætt: Harpa Ósk Valgeirsdóttir, Davíð Þrastarson, Þórhallur Helgason, Guðrún Stefánsdóttir, Sævar Skaptason, Unnur Líf Kvaran og Vigdís Fríða

Fjarverandi:

Gestir:

### Dagskrá:

Nr.Fundarefni - Ábyrgð

1. Fundur settur: 18:32
2. Bókanir frá síðasta fundi
  - a. Engar
3. Kynningar á stjórnarmeðlimum. Nýr stjórnarmeðlimur tekur til starfa, Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir og er boðin velkomin til starfa.
4. Samstarfssamningur stjórnar kynntur, til umræðu og samþykktar á næsta fundi.
5. Fundaráætlun stjórnar
  - a. Annan hvern þriðjudag, annar fundur tileinkaður BÍS og hinn tileinkaður ÚSÚ.
  - b. Bæta stefnumálum inn sem fastan lið stjórnarfunda
6. Samskiptaferli stjórnar til starfsmanna skátamiðstöðvar
  - a. Rætt um forgangsröðun verkefna skrifstofu sem er á forræði framkvæmdastjóra. Stjórn sé helst í samskiptum við hann frekar en einstaka starfsmenn.
7. Yfirferð og uppfærsla á reglugerðum BÍS
  - a. Vísað til fyrsta fundar í maí
8. Skipun stjórna dótturfyrirtækja
  - a. Stjórnir dótturfélaga eru nú stjórn BÍS, utan Græna skáta. Nýr stjórnarmaður Grænna skáta er nú skipaður, Tryggvi Skarphéðinsson Ægisbúum.
9. BÍS hefur verið boðið að senda fulltrúa á samráðsfund LUF 26.apríl
  - a. Tillaga stjórnar að Vigdís og Sigurgeir fari á fundinn til að fræðast um nýjan rafrænan samráðsvettvang menntamálaráðuneytis. BÍS er ekki aðili að LUF en hefur verið boðið á fundinn til að kynna sér málið.
10. Önnur mál
  - a. Fundur á Úlfjótuvatni fljótlega, Þani finnur dag í maí fyrir heimsókn stjórnar og fund með starfsfólki.

- b. Skátasafnið
- c. Starfsmaður vegna inngildingar í skátastarfi
  - i. Látum gera auglýsingu
- d. Fánakveðja
  - i. Erindi barst stjórn BÍS um að taka afstöðu varðandi fánakveðjur, gömlu sólarhyllinguna. Ályktun stjórnar er að fánakveðjur þar sem fánanum er fylgt eftir með hendi séu ekki við hæfi í nútímasamfélag. Að auki brjóti þær gegn siðareglum æskulýðsvettvangsins (sjá greinar 3 og 4 í samskiptakafla siðaregla) til að tryggja öryggi og inngildingu allra menningarheima í skátahreyfinguna. Fánaathafnir verða teknar upp á Kveikju í haust og við látum félögin vita.

11. Fundi slitið 20:29

### Viðburðir og verkefni fram undan:

Dags	Hvað	Fyrir
24-26.mars	Skátaping 2023 á Akureyri	Mætum öll